

ÁRSSKÝRSLA
HÆSTARÉTTAR
2022

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2022

Umbrot: KRÍA hönnunarstofa
Ljósmyndir: Saga Sigurðardóttir,
Gunnar Sverrisson og Gunnar Vígfússon

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
510 - 3030
haestirettur@haestirettur.is

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta.....	4
Dómarar.....	6
Aðrir starfsmenn.....	9
Varadómarar.....	10
Tilnefningar og skipanir.....	12
Hlutverk Hæstaréttar og málsmeðferð.....	14
Málskot.....	14
Áfrýjuð og kærð mál.....	15
Reifanir helstu dóma.....	16
Einkamál.....	16
Sakamál.....	19
Persónuvernd og birting dóma á netinu.....	23
Saga Hæstaréttar.....	24
Alþjóðleg samskipti.....	26
Heimsóknir.....	28
Tölfræði.....	31

ÁVARP FORSETA

Í árslok 2022 voru samþykktar á Alþingi nokkrar breytingar á réttarfarslögum. Þeirra á meðal var breyting sem felur í sér rýmri heimild til að áfrýja héraðsdómi beint til Hæstaréttar í mikilvægum málum þegar hvorki reynir á mat á munnlegri sönnunarfærslu né þörf er fyrir sérkunnáttu í dómi til að leysa úr ágreiningi um staðreyndir. Þetta miðar að því að auka skilvirkni og draga úr kostnaði fyrir málsaðila. Einnig var lögfest heimild til að veita kæruleyfi til réttarins vegna úrskurða Landsréttar um réttarfarsatriði í einkamálum. Þessar lagabreytingar voru gerðar að höfðu samráði við Hæstarétt og fela í sér þarfar réttarfarsumbætur.

Á árinu 2022 gengu 60 dómar í Hæstarétti en voru 55 árið 2021, 38 árið 2020 og 50 árið 2019. Samtals 172 málskotsbeiðnir bárust réttinum á árinu 2022 en voru 156 árið 2021, 138 árið 2020 og 166 árið 2019. Samkvæmt þessu fer fjöldi mála heldur stígandi og vegna fyrrgreindra lagabreytinga má gera ráð fyrir framhaldi á því. Rétturinn mun ekki eiga í neinum vanda með að afgreiða greiðlega aukinn málafjölda.

Hinn 1. júlí 2022 voru liðin 30 ár frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði með setningu aðskilnaðarlaga nr. 92/1989. Við þá breytingu var lagður grunnur að þeirri skipan dómsvalds í héraði sem enn er við lýði

samhliða því að sett voru ný og samræmd lög um alla þætti réttarfars. Þessi lagasetning hefur reynst afar vel í öllu tilliti og mun standa lengi. Tilefni aðskilnaðarins var einkum kæra til mannréttindanefndar Evrópuráðsins á þeirri forsendu að sakborningur, sem dæmdur hafði verið til að greiða fésekt, hefði ekki hlotið meðferð fyrir óháðum dómara í héraði. Dómarinn var fulltrúi bæjarfógeta og starfaði á ábyrgð og undir stjórn hans, en bæjarfógetinn var jafnframt yfirmaður lögreglu. Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að þessi málsmeðferð hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og vísaði málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar lauk málinu með sátt sem tók mið af því að sett höfðu verið fyrrgreind aðskilnaðarlög til að tryggja að dómstólaskipan í héraði væri í samræmi við mannréttindasáttmálann.

Af veigamestu breytingum á íslenskri dómstólaskipan má einnig nefna fjölgun dómstiga í þrjú með stofnun Landsréttar. Í árslok 2022 voru liðin fimm ár frá því að sú breyting kom til framkvæmda en hún fól einnig í sér mikilvægar réttarfarsumbætur. Megintilgangurinn með fjölgun dómstiga var að unnt yrði að koma við á áfrýjunarstigi endurskoðun á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar. Vegna reglunnar um milliliðalausa sönnunarfærslu gat slíkt endurmat ekki farið fram í Hæstarétti þegar dómstigin voru tvö því að munnlegar

skýrslur höfðu ekki verið teknar þar ef frá er talin ein undantekning. Af þessari ástæðu taldi Mannréttindadómstóll Evrópu í nokkrum mál-

Benedikt Bogason



um að Ísland hefði brotið gegn reglunni um réttláta málsmeðferð í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans þegar dómi um sýknu ákærða í héraði var snúið í sakfellingu í Hæstarétti. Tilfni þessara réttarfarsumbóta var því einnig aðild Íslands að sáttmálanum.

Þegar litið er til áhrifa mannréttindasáttmálans á réttarfar verður að auki að nefna dóm yfirdeildar Mannréttindadómstólsins 1. desember 2020 í máli Guðmundar Andra Ástráðssonar gegn Íslandi. Með dóminum var talið að vegna annmarka á skipan dómara við Landsrétt hefði verið brotið gegn áskilnaði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um að skipan dóms væri ákveðin með lögum. Á því leikur ekki vafi að með umræddum dómi yfirdeildarinnar hefur sjálfstæði dómsvaldsins verið styrkt en dómur hennar hefur ekki aðeins áhrif hér á landi heldur hjá öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið má slá því föstu að aðild Íslands að mannréttindasáttmálanum hafi haft mikil áhrif á íslenskt réttarfar. Þær breytingar sem vikið hefur verið að voru ekki óumdeildar en eftir því sem frá líður hafa gagnrýnisraddir að mestu hljóðnað og æ færri ef nokkrir vilja hverfa aftur til fyrri skipanar.

Reykjavík, 19. janúar 2023

Benedikt Bogason

DÓMARAR

Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla eiga sjö dómarar sæti í Hæstarétti. Eftirtaldir voru dómarar réttarins á árinu 2022:

Ása Ólafsdóttir, fædd 1970, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og deildarforseti.

Benedikt Bogason, fæddur 1965, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2012. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann var varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí til 31. ágúst 2020 og hefur verið forseti réttarins frá 1. september 2020.

Björg Thorarensen, fædd 1966, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Ingveldur Einarsdóttir, fædd 1959, skipuð hæstaréttardómari frá 1. janúar 2020. Við skipun var hún dómari við Landsrétt. Hún hefur verið varaforseti Hæstaréttar frá 1. september 2020.

Karl Axelsson, fæddur 1962, skipaður hæstaréttardómari frá 12. október 2015. Við skipun var hann starfandi hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson, fæddur 1961, skipaður hæstaréttardómari frá 1. september 2003. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands.

Sigurður Tómas Magnússon, fæddur 1960, skipaður hæstaréttardómari frá 18. maí 2020. Við skipun var hann dómari við Landsrétt.



Dómarar við Hæstarétt Íslands



Forseti og varaforseti

Hæstaréttardómarar kjósa sér forseta til fimm ára í senn og varaforseta til sama tíma. Benedikt Bogason var endurkjörinn forseti réttarins frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2026 og Ingveldur Einarasdóttir varaforseti sama tímabil. Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar og ber

ábyrgð á rekstri réttarins og fjárreiðum. Hann stýrir meðal annars þeirri starfsemi sem ekki er hluti af meðferð máls fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.



AÐRIR STARFSMENN

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri réttarins er Ólöf Finnsdóttir. Forseti ræður til réttarins lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Á árinu störfuðu alls tíu aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti í um sex ársverkum.

Björn Hólm Magnússon
dómvörður í afleysingum

Gunnar Atli Gunnarsson
aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Herdís Traustadóttir
skrifstofuumsjón frá 16. nóvember 2022

Kristján Ólason
dómvörður til 1. september 2022

Linda Ramdani
aðstoðarmaður hæstaréttardómara
frá 1. mars 2022

Ólöf Finnsdóttir
skrifstofustjóri

Samúel Gunnarsson
aðstoðarmaður hæstaréttardómara
frá 1. janúar 2022 til 28. febrúar 2022
og aftur frá 22. ágúst 2022

Snædís Björt Agnarsdóttir
aðstoðarmaður hæstaréttardómara
(í leyfi frá 20. júní 2022)

Sonja Hafdís Pálsdóttir
verkefnastjóri

Sólveig Bjarnadóttir
bókasafns- og upplýsingafræðingur
til 1. september 2022

VARADÓMARAR

Ráðherra getur sett að tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til að taka sæti í tilteknu máli valdi vanhæfi dómara eða forföll því að færri en fimm eða eftir atvikum sjö dómarar geti skipað dóm í máli. Á árinu voru eftirtaldir varadómarar kallaðir til starfa við réttinn:

Árni Kolbeinsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Eiríkur Tómasson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Garðar Gíslason

fyrirverandi hæstaréttardómari

Helgi I. Jónsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Ingibjörg K. Benediksdóttir

fyrirverandi hæstaréttardómari

Hjördís Hákonardóttir

fyrirverandi hæstaréttardómari

Kristinn Halldórsson

landsréttardómari

Ragnheiður Harðardóttir

landsréttardómari

Viðar Már Matthíasson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Þorgeir Ingi Njálsson

landsréttardómari

Þorgeir Örlygsson

fyrirverandi hæstaréttardómari



TILNEFNINGAR OG SKIPANIR

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi tilnefningar og skipanir voru á árinu 2022:

janúar 2022

Hæfnisnefnd um dómaraefni við Mannréttindadómstól Evrópu: Björg Thorarensen hæstaréttardómari og Þorgeir Örlygsson fyrrverandi hæstaréttardómari voru tilnefnd.

Endurupptökudómur: Karl Axelsson og Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómarar voru tilnefnd til að taka sæti sem forseti og varaforseti Endurupptökudóms frá og með 1. febrúar 2022 til og með 31. janúar 2027.

apríl 2022

Yfirfasteignamatsnefnd: Tilnefnd voru, Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður, Axel Hall, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, Áslaug Árnadóttir lögmaður, Björn Jóhannesson lögmaður, Guðríður Friðriksdóttir verkfræðingur, Gústaf Vífilsson verkfræðingur, Gylfi Zoëga, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, Runólfur Gunnlaugsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali, Sigurður Jóhannesson forstöðumaður Hagfræðistofnunar og Valgerður Sólnes, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

maí 2022

Yfirmatsnefnd samkvæmt 2. mgr. 44. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004: Jón Höskuldsson landsréttardómari var tilnefndur sem aðalfulltrúi og Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri sem varafulltrúi.

júní 2022

Úrskurðarnefnd lögmannna: Þórdís Bjarnadóttir lögmaður var skipuð ad hoc við meðferð eins máls.

ágúst 2022

Kærunefnd húsamála: Auður Björg Jónsdóttir lögmaður, Víðir Smári Petersen, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Eypór Rafn Þórhallsson verkfræðingur voru tilnefnd sem aðalmenn og Þorsteinn Magnússon framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, Sigurlaug Helga Pétursdóttir lögmaður og Aldís Ingimarsdóttir verkfræðingur sem varamenn. Auður Björg var tilnefnd sem formaður nefndarinnar og Þorsteinn sem varaformaður.

október 2022

Félagsdómur: Tilnefnd voru, Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari, Ásmundur Helgason landsréttardómari og Ástráður Haraldsson héraðsdómari. Ásgerður var tilnefnd sem forseti dómsins og Ásmundur sem varaforseti. Til vara voru tilnefnd Ragnheiður Bragadóttir landsréttardómari og Björn L. Bergsson héraðsdómari.

Kærunefnd húsamála: Þorvaldur Hauksson, lögmaður hjá ríkislögmanni, var tilnefndur í kjölfar þess að Þorsteinn Magnússon vék úr nefndinni.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður var tilnefnd sem aðalmaður.

desember 2022

Úrskurðarnefnd lögmannna: Valborg Þ. Snævarr lögmaður var skipuð sem nefndarmaður og Grímur Sigurðsson lögmaður sem varamaður hennar frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2025.



HLUTVERK HÆSTARÉTTAR OG MÁLSMEÐFERÐ

Í árslok 2022 voru liðin fimm ár frá því að tekið var upp þriggja þrepa dómskerfi hér á landi með tilkomu Landsréttar sem áfrýjunardómstóls á öðru dómstigi. Þetta hefur kallað á önnur og breytt vinnubrögð hjá Hæstarétti borið saman við fyrra hlutverk þegar rétturinn starfaði á öðru dómstigi og afgreiddi árlega fjölmörg mál, stór og smá. Nú er verkefnið að ákveða hvaða mál verða tekin til meðferðar og kveða síðan upp dóma sem ætlað er að vera fordæmisgefandi með sama móti og gildir annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta tvennt, að starfa sem áfrýjunardómstóll á öðru dómstigi eða sem fordæmisgefandi dómstóll á þriðja dómstigi, er ólíkt og má fullyrða að um sé að ræða stærstu breytingu á réttinum í sögu hans.

Það sem hér hefur verið rakið kallar á aðra nálgun við dómasamningu svo að dómur réttarins þjóni betur því hlutverki að vera fordæmisgefandi með það að markmiði að leysa úr réttaróvissu á tilteknu sviði. Til að dómur réttarins hafi þessi áhrif er mikilvægt í hverju máli að kanna rækilega fyrri dómaframkvæmd og eftir atvikum fræðikenningar ekki bara hér á landi heldur einnig í nágrannaríkjum. Jafnframt getur verið mikilvægt að huga að alþjóðlegum skuldbindingum og dómaframkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu og hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Einnig má geta þess að útliti og framsetningu dóma hefur verið breytt þannig að betur sé tekið mið af rafrænni birtingu og efnið gert aðgengilegra.

Því má slá föstu að eftir að Hæstiréttur fór að starfa á þriðja dómstigi hafi dómur hans orðið nokkuð lengri og ítarlegri en áður. Eftir fremsta

megni hefur verið leitast við að rita þá á góðri og vel skiljanlegri íslensku. Liður í þeirri viðleitni var að fá í þjónustu réttarins málfarsráðunaut sem les próförk af öllum dómum. Veg og vanda af því verki hefur haft dr. Jóhannes B. Sigtryggsson, rannsóknarlektor á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það er samdóma álit dómara réttarins að þetta hafi skilað góðum árangri.

Málskot

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti, annars vegar með áfrýjun og hins vegar kæru.

Með áfrýjun er átt við það að lokaúrlausn Landsréttar, í undantekningatilvikum héraðsdóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Máli verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar nema að fengnu leyfi réttarins. Hæstiréttur ákveður hvort orðið verður við umsókn um áfrýjunarleyfi og má takmarka leyfið við tiltekin atriði máls. Við mat á því hvort fallist verður á beiðni um áfrýjunarleyfi í einkamálum skal líta til þess hvort úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar leyfis. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni. Unnt er að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja landsréttardómi í sakamáli í tilteknum tilvikum. Slíkt leyfi skal aðeins veita ef áfrýjun lýtur að atriði sem hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að

fá úrlausn Hæstaréttar um. Þá getur rétturinn veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni. Hafi ákærði verið sýknaður af ákæruefni í héraðsdómi en sakfelldur fyrir Landsrétti skal þó verða við ósk ákærða eða ákærvalds honum til hagsbóta um leyfi til áfrýjunar nema Hæstiréttur telji ljóst að áfrýjun muni ekki verða til þess að breyta dómi Landsréttar.

Með kæru er almennt átt við það að úrlausn Landsréttar, sem ekki bindur enda á mál að efni til og er í formi úrskurðar, sé skotið til Hæstaréttar. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum Landsréttar skotið til Hæstaréttar með kæru en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Úrlausnir Landsréttar verða aðeins kærðar til Hæstaréttar að fengnu kæruleyfi réttarins nema í undantekningartilvikum.

Þrír dómáramur skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verður tekin til meðferðar. Á árinu 2022 bárust 172 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi.

Áfrýjuð og kærð mál

Þegar umsókn um áfrýjunarleyfi er samþykkt í einkamáli gefur Hæstiréttur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Frestur til þingfestingar er að jafnaði ákveðinn sex vikur frá útgáfu stefnu nema sérstaklega standi á. Þegar mál hefur verið þingfest af hálfu áfrýjanda er stefnda veittur frestur til þess að skila greinargerð og málgögnum af sinni hálfu ef hann hefur tilkynnt að hann hafi í hyggju að halda uppi vörnum. Að gagnaöflun lokinni er máli frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Í sakamálum er það ríkissaksóknara að gefa út áfrýjunarstefnu og birta fyrir ákærða. Að því búnu sendir ríkissaksóknari Hæstarétti stefnuna og skipar rétturinn ákærða verjanda og eftir atvikum brotapolá réttargæslumann. Þegar málgögn hafa borist Hæstarétti ákveður rétturinn ákærvaldi, verjanda og eftir atvikum einkaréttarkröfuhafa frest til að skila greinargerðum og frekari gögnum. Eftir afhendingu þeirra er málinu frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Dómsathafnir Landsréttar sæta kæru til Hæstaréttar ef þær fjalla um efnisatriði sem annars vegar eru talin upp í a- til e-liðar 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála og hins vegar í a- til d-liðar 1. mgr. 211. gr. um meðferð sakamála. Hæstiréttur getur þó á hvaða stigi máls sem er synjað að taka kæruefni til meðferðar ef rétturinn telur kæru tilefnislaus. Að liðnum gagnaöflunarfresti getur rétturinn lagt dóm á kærumál. Hafi Hæstiréttur fallist á umsókn um kæruleyfi er meginreglan sú að málinu er frestað til munnlegs málflutnings og í kjölfarið sett á dagskrá sem birt er á vef réttarins.

Á árinu voru flutt samtals 60 áfrýjuð og kærð einkamál og sakamál. Nánari upplýsingar um fjölda dæmdra mála, skiptingu þeirra og málsúrslit er að finna í tölfræðikafla ársskýrslunnar sem hefst á bls. 31.

REIFANIR HELSTU DÓMA

Einkamál

Hrd. 9. febrúar 2022 í máli nr. 38/2021: Reynir Traustason gegn Arnþrúði Karlsdóttur og gagnsök

R krafðist ómerkingar tveggja nánar tiltekinnna ummæla sem A viðhafði í tilgreindum útvarpsþætti og miskabóta. Í dómi Hæstaréttar kom fram að það leiddi af rýmkuðu tjáningarfrelsi í opinberri umræðu að einstaklingar sem hefðu haslað sér völl á því sviði kunni að verða að þola harðari ummæli um sig en aðrir borgarar að því leyti sem umræðan teljist eiga erindi við almenning. Gagnrýni á störf fjölmiðlamanna kunni þannig að vera hörð og óvægin án þess að hún sæti takmörkunum. Þá kom fram í dómi réttarins að ummæli A hefðu lotið að störfum R sem fjölmiðlamanns. Við heildstætt mat á ummælum A væri til þess að líta í hvaða samhengi ummælin hefðu verið viðhöfð og hvernig þau hefðu verið sett fram. Taldi rétturinn að A hefði verið að fella gildisdóm um störf R sem ekki skorti með öllu stoð í staðreyndum. Þótt ummælin hefðu verið óvægin var ekki talið að A hefði farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns. Var A því sýknuð af kröfum R.

Hrd. 30. mars 2022 í máli nr. 43/2021: BB & synir ehf. gegn Orkuveitu Reykjavíkur

Ágreiningur málsins laut að kröfu B ehf. um viðurkenningu þess að samningur um leigu á spildu úr landi jarðarinnar H væri óskuldbindandi gagnvart sér þar sem réttindi samkvæmt honum hefðu fallið niður við útgáfu afsals til L hf. vegna ákvæða 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Í dómi Hæstaréttar var talið að í samræmi við meginreglu 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991 féllu niður við útgáfu afsals þau réttindi sem stofnað

hafði verið til á grundvelli samnings með sama hætti og önnur óbein eignarréttindi sem á því tímamarki hafði verið stofnað til yfir jörðinni H. Var því fallist á dómkröfu B ehf. þess efnis að leigusamningurinn væri óskuldbindandi gagnvart honum sem núverandi eiganda jarðarinnar.

Hrd. 6. apríl 2022 í máli nr. 52/2021: Tryggingastofnun ríkisins gegn dánarbúi A

Í málinu var deilt um hvort TR hefði verið heimilt á árunum 2011 til 2015 að reikna greiðslur til A á sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu, samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, í samræmi við búsetu hennar hér á landi. Ákvörðun TR var reist á fyrirmælum 3. mgr. 15. gr. þágildandi reglugerðar nr. 1052/2009. Í dómi Hæstaréttar kom fram að áskilnaður um búsetutíma hér á landi sem skilyrði fyrir uppbótinni samrýmdist ekki tilgangi laga nr. 99/2007 um að lífeyrisþegar byggju við tiltekna lágmarksframfærslu. Þá væri slíkur áskilnaður ekki tilgreindur í lögum heldur í reglugerð sem sett var með vísan til almennrar reglugerðarheimildar. Væri því ekki fullnægt kröfu lögmætisreglunnar um að almenn fyrirmæli stjórnvalda eigi sér stoð í lögum og fari ekki í bága við þau. Var fallist á kröfur A á hendur TR.

Hrd. 4. maí 2022 í máli nr. 50/2021: A gegn Mosfellsbæ

A höfðaði mál gegn M og krafðist annars vegar greiðslu miskabóta og hins vegar viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna meðferðar og afgreiðslu M á umsókn hans um notenda-stýrða persónulega aðstoð samkvæmt lögum

nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. A hafði sótt 4. október 2018 um notendastýrða persónulega aðstoð hjá M en þjónusta samkvæmt einstaklingssamningi við A hófst í febrúar 2021. Í dómi Hæstaréttar var viðurkenningarkröfu A vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi þar sem ekki var fullnægt áskilnaði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Hins vegar var fallist á miskabótakröfu A með vísan til þess að takmarkaðar skýringar hefðu komið fram um tafir við meðferð og vinnslu umsóknar hans fram til þess að samningur hans var sendur til ráðuneytis 16. apríl 2020. Meðferð umsóknarinnar hefði farið verulega úr skorðum og var M gert að greiða A 700.000 krónur í miskabætur.

Hrd. 1. júní 2022 í máli nr. 53/2021: Landsbankinn hf. gegn Arana George Kuru

L hf., sem hafði tekið við réttindum Lí hf., höfðaði mál gegn A og krafðist þess að honum yrði gert að þola að fjárnám vegna tilgreindrar skuldar Þ ehf. sem hafði gefið tryggingabréf út til Lí hf. til tryggingar öllum skuldum sínum við bankann með veði í fasteign A. Þáverandi fyrirsvarsmaður Þ ehf. var tengdafaðir A. Bú Þ ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta árið 2010 og lauk skiptum á árinu 2013 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Um varnir A byggðar á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn tók Hæstiréttur fram að fyrir lægi að L hf. hefði sent tvær tilkynningar um stöðu skuldar samkvæmt skuldabréfinu á veðandlagið þar sem A var áður til heimilis en lögheimili hans var þá skráð á Nýja-Sjálandi. Með hliðsjón af orðalagi 2. mgr. 7. gr. gætu eignarréttindi L hf. sem stofnast hefði til í formi veðtryggingarinnar ekki fallið niður á grunni þess lagaboðs nema A leiddi í ljós að L hf. hefði við beitingu réttinda sinna valdið honum öðrum og meiri skaða en tekið hefði verið tillit til í uppgjöri gagnvart honum. Hæstiréttur taldi að A hefði ekki sýnt fram á það þannig að telja skyldi að vanræksla L hf. væri svo veruleg

í skilningi 2. mgr. 7. gr. að ábyrgð A skyldi að öllu leyti falla niður. Á hinn bóginn taldi Hæstiréttur að vanræksla L hf. hefði leitt til þess að ætla yrði að A hefði orðið fyrir tjóni af þeim sökum. Var A gert að þola fjárnám vegna fjárhæðar sem nam höfuðstól kröfunnar miðað við 1. desember 2008 en dráttarvextir yrðu þó aðeins reiknaðir frá uppsögu dóms Hæstaréttar til að tryggja skaðleysi hans.

Hrd. 1. júní 2022 í máli nr. 3/2022: Sérverk ehf. gegn Reykjavíkurborg

Ágreiningur aðila átti rætur að rekja til samkomulags frá árinu 2016 þar sem lóðarhafar gengust undir þá skyldu að greiða innviðagjald sem ætlað var að standa straum af uppbyggingu svæðis til íbúðabygðar. Í málinu krafðist S ehf. endurgreiðslu fjárhæðarinnar þar sem félagið taldi greiðsluna fela í sér ólögmeta gjaldtöku. Í dómi Hæstaréttar kom fram að með 78. gr. stjórnarskrárinnar hefðu sveitarfélög sjálfstætt vald, innan ramma laga, til að taka ákvarðanir um nýtingu og ráðstöfun tekna og yrði að játa þeim svigrúm til að ákveða forgangsröðun innan þess ramma, þar á meðal um það hvort tekjur af einkaréttarlegum samningum rynnu að einhverju marki til lögbundinna verkefna. Að virtum aðdraganda samkomulagsins og efni þess yrði að líta svo á að endurgjald fyrir hinn aukna byggingarrétt hefði verið ákvarðað á markaðslegum forsendum þótt það hefði ekki orðið til á grundvelli útboðs enda hefðu lóðarleiguhafar séð sér hag í að inna það af hendi sem endurgjald fyrir verðmætari lóðarleigusamning. Var því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu R af öllum kröfum S ehf.

Hrd. 26. október 2022 í máli nr. 20/2022:
Ingibjörg Pálsdóttir og Fossatún ehf. gegn
Veiðifélagi Grímsár og Tunguár

Ágreiningur aðila laut að því hvort V væri heimilt á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 að selja veiðihús félagsins að Fossási í Borgarbyggð á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitímabils samkvæmt lögnum í ljósi fyrirmæla 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar um neikvætt félagafrelsi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að V hefði ekki sýnt fram á að útleiga veiðihússins utan skilgreinds veiðitímabils til almenns gisti- og veitingarekstrar fæli í sér nýtingu og ráðstöfun á eignum félagsins með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn og að hún teldist nauðsynleg til þess að félagið gæti náð þeim markmiðum sem skyldu aðild að því er ætlað að tryggja. V yrði því ekki á grundvelli e-liðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 talin slík ráðstöfun heimil nema með samþykki allra félagsmanna sinna. Var því fallist á viðurkenningarkröfu áfrýjandans I með nánar tilgreindum hætti.

Hrd. 2. nóvember 2022 í málum nr. 15, 16
og 17/2022: A, B og C gegn Tryggingastofnun
ríkisins og íslenska ríkinu

A, B og C höfðuðu mál á hendur Tryggingastofnun ríkisins og íslenska ríkinu vegna lækkunar á ellilífeyri og heimilisuppbót vegna greiðslna sem þau nutu úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum á tímabilinu 1. mars 2017 til 1. apríl 2020. Ágreiningur aðila laut að stjórnskipulegu gildi laga nr. 116/2016 og 9/2017 sem breyttu ákvæðum laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Í dómum Hæstaréttar var ekki fallist á að réttmætar væntingar þeirra hefðu stofnast um að fá óskertan ellilífeyri og heimilisuppbót sem verndar nytu samkvæmt 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún væri skýrð í ljósi 1. gr. 1. viðauka við mannréttindamála

Evrópu. Þá var talið að með setningu laga nr. 116/2016 og 9/2017 hefði löggjafinn ekki farið út fyrir það svigrúm sem hann hefði í krafti fjárstjórnarvalds síns til að skipuleggja fyrirkomulag framfærsluaðstoðar samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og ákveða þær forsendur sem fjárhæð ellilífeyris og heimilisuppbót hvíli á. Loks var ekki fallist á þá málsástæðu A, B og C að brotið hefði verið gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar vegna sérreglna sem giltu um séreignarsparnað og herra frítekjumark vegna atvinnutekna. Voru því staðfestar niðurstöður héraðsdóms um að sýkna Tryggingastofnun ríkisins og íslenska ríkið af kröfum A, B og C.

Hrd. 30. nóvember 2022 í máli nr. 30/2022:
brotabú Magnúsar bórs Indriðasonar gegn
Gerði Garðarsdóttur

Ágreiningur málsaðila laut að uppgjöri í kjölfar riftunar G á kaupsamningi milli aðila um fasteign. Krafðist M þess að G yrði gert að greiða sér leigu fyrir afnot af fasteigninni fyrir þann tíma er hún hefði haft umráð hennar. Í dómi Hæstaréttar var rakið að hafi samningur verið efndur í heild eða að hluta þegar honum er rift þurfi að fara fram uppgjör sem miði að því að gera aðila eins setta og engar efndir hefðu farið fram. Eitt þeirra atriða sem horfa þurfi til í því tilliti væri það hagræði sem kaupandi hafi haft af því að hafa notað hið selda meðan hann hafi haft það í umráðum sínum. Þetta verði að meta í hverju tilviki fyrir sig þar sem eðli kaupa og önnur atvik geti skipt máli. Var fallist á með M að G yrði gert að greiða fyrir afnot fasteignarinnar á tímabilinu frá afhendingu 16. febrúar 2016 þar til hún var borin út úr eigninni 12. ágúst 2019. Að álitum var G gert að greiða M 3.500.000 krónur auk vaxta.

Hrd. 21. desember 2022 í máli nr. 33/2022: Vigdís Þórarinsdóttir gegn Halldóri Svani Olgeirssyni og Elínu Maríusdóttur

Ágreiningur málsaðila laut að eignarrétti að jörðinni Bjarnastöðum í sveitarfélaginu Norðurþingi. V krafðist þess að viðurkennt yrði að hún sem eigandi Sigtúna væri eigandi helmings alls lands Bjarnastaða. Byggði hún á því að helmingshlutur jarðarinnar hefði fylgt afsali fyrir Sigtúnum. H og E reistu sýknukröfu sína meðal annars á því að þau hefðu fyrir hefð öðlast eignarrétt að allri jörðinni. Hæstiréttur taldi að gera yrði ríkari kröfur en ella svo að fullnægt væri skilyrðum hefðar þegar eign væri í sérstakri sameign. Talið var ósann- að að H og E hefðu verið í vondri trú um rétt sinn til allrar jarðarinnar og voru þau því talin uppfylla huglæg skilyrði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. H og E voru talin hafa haft Bjarnastaði alla í óslitnu eignarhaldi í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 í meira en 20 ár frá afhendingu jarðarinnar 20. júní 1981 þar til eignarhald þeirra var vefengt í árslok 2009. Voru H og E því talin hafa unnið hefð á jörðinni í heild sinni. Var hinn áfrýjaði dómur staðfestur og H og E sýknuð af kröfu V um að viðurkennt yrði að hún væri eigandi helmings jarðarinnar Bjarnastaða.

Sakamáli

Hrd. 2. mars 2022 í máli nr. 46/2021: Ákærvaldið gegn X

Kærður var dómur Landsréttar þar sem máli ákærvaldsins gegn X var vísað frá héraðsdómi. Í niðurstöðu um 1. ákærulið málsins vísaði Hæstiréttur til þess að málsmeðferð hjá skattyfirvöldum annars vegar og héraðssaksóknara hins vegar hefði ekki verið nægilega samþætt í tíma svo að talið yrði að fullnægt væri þeim skilyrðum sem fram hefðu komið í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um skýringu

og beitingu 1. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis. Þeim sakargiftum á hendur X var því vísað frá héraðsdómi. Þá væru ágallar á 2. ákærulið svo verulegir að óhjákvæmilegt væri að vísa honum frá héraðsdómi, sbr. c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Hinn kærði dómur um frávisun málsins frá héraðsdómi var því staðfestur.

Hrd. 9. mars 2022 í máli nr. 42/2021: Ákærvaldið gegn X

X var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa veist með ofbeldi að stjúp- syni sínum og tekið hann kverkataki. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að við mat á því hversu alvarlegt tilvik þyrfti að vera til að falla undir 1. mgr. 218. gr. b laganna um brot í nánu sambandi bæri í máli þessu að líta til stöðu brotþola, sem var sjö ára barn, andspænis fullorðnum manni sem brotþoli leit á sem föður sinn. Litið var til tengsla brotþola og ákærða og þess rofs sem hefði orðið á trúnað- arsambandi og trausti þeirra í milli vegna of- beldis ákærða gagnvart honum. Var háttsemi ákærða virt þannig að hann hefði með alvar- legum hætti ógnað heilsu og velferð brotþola í skilningi ákvæðisins. Var hinn áfrýjaði dómur staðfestur um ákvörðun refsingar ákærða og honum gert að greiða brotþola 600.000 krón- ur í miskabætur.

Hrd. 22. júní 2022 í máli nr. 35/2020: Ákærvaldið gegn Magnúsi Arnari Arngrímssyni

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 478/2014 var M sakfelldur fyrir umboðssvik í starfsemi G hf. Með úrskurði endurupptökunefndar í október 2020 var fallist á beiðni M um endurupptöku málsins á þeim grunni að einn dómara málsins hefði gert samning í janúar 2007 við G hf. um

eignastýringu og að hann hefði tapað verulegum fjármunum í þeim viðskiptum. Dómarinn hefði því verið vanhæfur til að dæma í málinu og af þeirri ástæðu hefðu verið gallar á meðferð málsins fyrir Hæstarétti í skilningi d-liðar 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Í dómi Hæstaréttar var rakið að lækkun á andvirði þeirra fjármuna sem dómarinn hafði í eignastýringu hefði numið 14,78% við fall bankans. Þessi lækkun yrði ekki talin veruleg þegar horft væri til þeirra efnahagsáhrifa sem þorri almennings hefði þurft að þola á þessum tíma með lækkun eignaverðs, rýrnun lífeyrisréttinda, hækkun verðlags vegna gengishruns og hækkun skulda vegna verðlagsbreytinga, meðal annars vegna tengingar lána við vísitölu neysluverðs. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ekki yrði talið að dómarinn hefði á grundvelli g-liðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 verið vanhæfur til að fara með málið. Af þeirri ástæðu væri ekki fullnægt lagaskilyrðum fyrir endurupptöku málsins og var málinu vísað frá Hæstarétti.

Hrd. 5. október 2022 í máli nr. 7/2022: Ákærvaldið gegn X

Með dómi Hæstaréttar 31. október 2013 í máli nr. 135/2013 hafði X verið sakfelldur fyrir hlutdeild í umboðssvikum. Endurupptökudómur féllst á beiðni X um endurupptöku málsins. Í dómi Hæstaréttar var rakið að munnleg sönnunarfærsla gæti ekki farið fram fyrir réttinum eftir gildistöku laga nr. 47/2020. Endurupptökudómi hefði því að réttu lagi borið, miðað við þær ástæður sem dómurinn lagði til grundvallar endurupptöku málsins, að nýta þá heimild sem hann hefur eftir síðari málslið 1. mgr. 232. gr. laga nr. 88/2008 til að ákveða að vísa því til meðferðar og dómsuppsögu að nýju í Landsrétti. Jafnframt hefði Endurupptökudómi borið að gæta að þessu af sjálfsdáðum. Þá vísaði rétturinn til þess að í því ljósi að málið hefði verið endurupptekið af þeirri ástæðu að meðferð þess fyrir Hæstarétti hefði verið í ósamræmi við regluna um milliliðalaus sönnunarfærslu

yrði ekki úr því bætt nema með því að leiða X og vitni fyrir dóm til skýrslugjafar. Réttinum væri ókleift að bæta úr þessu og hefði hann heldur ekki að lögum heimild til að hnekkja að þessu leyti niðurstöðu Endurupptökudóms eða vísa málinu til meðferðar hjá Landsrétti. Því væri óhjákvæmilegt að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti enda þjónaði meðferð þess fyrir réttinum fyrirsjáanlega engum tilgangi.

Hrd. 11. október 2022 í máli nr. 31/2022: Ákærvaldið gegn X

Ágreiningsefni málsins um heimfærslu háttsemi X til refsíákvæða laut að því hvort hún yrði talin tilraun til manndráps og heimfærð til 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, eða meiri háttar líkamsárás, sbr. 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Hins vegar var ágreiningsslaust að háttsemi X mætti færa undir 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b laganna um brot í nánu sambandi. Í dómi Hæstaréttar var rakið að árás með skotvopni eða hníf sem beinist að viðkvæmum stöðum á líkama, svo sem höfði, hálsi, brjóst-kassa og kviði, hefði oftast leitt til þess að ásetningur teldist sannaður þegar ákært hefur verið fyrir tilraun til manndráps en þegar um aðrar verknaðaraðferðir hefur verið að ræða. Þá vísaði rétturinn til þess að í þeim dómum sem Landsréttur skírskotaði sérstaklega til í niðurstöðu sinni hefði slíkum vopnum og verknaðaraðferðum verið beitt en svo háttaði ekki til í þessu máli þótt lagt væri til grundvallar að árásin hefði verið ofsafengin og beinst að viðkvæmum líkamshlutum. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að varhugavert væri að telja fram komna fulla sönnun þess að X hefði á verknaðarstundu haft ásetning til að bana brotþola og yrði brot X því fært undir 2. mgr. 218. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.





PERSÓNUVERND OG BIRTING DÓMA Á NETINU

Frá árinu 1999 hafa dómar Hæstaréttar verið birtir á vefsíðu réttarins. Til ársloka 2006 voru dómar bæði birtir á netinu og gefnir út í prentaðri útgáfu en frá þeim tíma hafa þeir aðeins verið birtir á netinu. Með endurgjaldslausri birtingu dóma á netinu hefur aðgangur að þeim verið stórbættur og er sú framkvæmd í samræmi við grundvallareglur réttarfars um opinbera málsmeðferð og áskilnað réttarríkisins um gagnsæi og fyrirsjáanleika. Tilgangurinn með birtingunni er einnig að veita aðhald og stuðla að því að borgararnir geti treyst því að jafnræðis sé gætt. Með þessari birtingu dóma allar götur frá árinu 1999 hefur skapast gagnagrunnur með miklum upplýsingum en alls hafa verið birtir vel ríflega 10.000 dómar.

Frá upphafi hefur við birtingu dóma á netinu verið gætt að því að tryggja persónuvernd með því að birta þá þegar við á undir nafnleynd eða fella úr þeim atriði um viðkvæm persónuleg málefni. Um þetta gilda nú reglur dómstólasýslunnar nr. 3/2022 um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla en þær voru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Mikilvægt úrræði samkvæmt reglunum er að aðili máls getur óskað eftir nafnleynd að liðnu ári frá því að dómur var birtur.

Frá því að farið var að birta dóma á vefsíðu réttarins fyrir liðlega 23 árum hefur orðið sú breyting að æ ríkari kröfur eru gerðar til persónuverndar og friðhelgi einkalífs. Af þeim sökum er betur gætt að persónuvernd við birtingu dóma nú en áður. Réttinum berast reglulega ábendingar af þessu tilefni og við

þeim hefur umsvifalaust verið brugðist með því að gera viðeigandi breytingar á birtingu. Jafnframt vakti rétturinn nýlega athygli á því á vefsíðu sinni að málsaðilar gætu að liðnu ári frá birtingu óskað eftir nafnleynd í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Í ljósi þeirrar viðhorfsbreytingar sem orðið hefur á liðnum árum til persónuverndar og friðhelgi einkalífs ákvað rétturinn að eigin frumkvæði að efna til athugunar á dómasafni réttarins með því að skoða valin atriðisorð sem snert geta viðkvæmar persónuupplýsingar. Hófst þessi athugun í lok síðasta árs og verður haldið áfram eftir því sem efni eru til. Til að aðstoða starfsmenn réttarins við þetta verk var ráðin um nokkurra vikna skeið Kristín Inga Friðþjófsdóttir laganemi en vel kemur til greina að ráða fleiri laganema að þessu verki á næstunni. Nú þegar hefur birtingu á nokkrum dómum verið breytt þannig að þeir eru nú undir nafnleynd. Tekið skal fram að enn hafa ekki komið í ljós í athuguninni alvarlegir misbrestir á birtingu dóma með tilliti til persónuverndar þótt vissulega megi færa sumt til betri vegar.

SAGA HÆSTARÉTTAR

Í upphafi ársins fór í dreifingu bókin *Hæstiréttur í hundrað ár – Saga* eftir Arnþór Gunnarsson sagnfræðing. Tilefni útgáfunnar var aldarafmæli réttarins 16. febrúar 2020 en áður hafði komið út ritið *Hæstiréttur í hundrað ár – Ritgerðir* með greinum á ýmsum sviðum lögfræðinnar, einkum þeim þar sem Hæstiréttur hefur haft áhrif á mótun og þróun réttarreglna. Útgefandi beggja bókanna var Hið íslenska bókmenntafélag sem vandaði mjög til verksins.

Í fyrrnefnda ritinu er saga Hæstaréttar í hundrað ár rakin en hún er samofin sjálfstæðisbaráttunni og þróun stjórn mála innanlands. Í kynningu útgefanda á bókinni kom fram að oft hefði gustað um Hæstarétt og jafnvel á tímum verið vegið að sjálfstæði hans en í annan tíma hefði rétturinn notið virðingar og friðhelgi. Um væri að ræða viðburðaríka sögu sem varpaði ljósi á íslenskt samfélag og kæmi á óvart.



Útgáfuhófið 16. febrúar 2022



Forseta Íslands afhent ritið

Nokkurn tíma tók að rita bókina og var lögð áhersla á að við samningu hennar nyti höfundur sjálfstæðis. Til að tryggja það var að hans tillögu stofnaður ráðgjafarhópur þriggja sagnfræðinga sem eru sérfróðir um sögu 20. aldar. Hópin skipuðu Gunnar Þór Bjarnason, Helgi Skúli Kjartansson og Ragnheiður Kristjánsdóttir.

Bókinni hefur verið vel tekið og hlaut hún tilnefningu til viðurkenningar Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Einnig fékk Jóhannes höfundur hennar úthlutun úr sjóðnum Gjöf Jóns Sigurðssonar fyrir bókina. Um hana hefur talsvert verið fjallað í fjölmiðlum. Má þar helst nefna að höfundur fór í viðtal hjá Önnu Kristínu Jónsdóttur í fréttapættinum *Speglinum*, Agli Helgasyni í þættinum *Kiljan* og Þresti Helgasyni í þættinum *Svona er þetta*.

Þegar ritið kom út fór höfundur á stjá ásamt Benedikt Bogasyni, forseta réttarins,

og Jóni Sigurðssyni, forseta Hins íslenska bókmenntafélag, og afhentu bókina. Í kjölfar útgáfu ritsins var haldið hóf í Hæstarétti þar sem meðal annars var boðið höfundi, ritnefnd, ráðgjafarhópi, fulltrúum útgefanda og fyrrverandi dómurum réttarins.





Frá heimsókn til Mannréttindadómstóls Evrópu

Árið 2022 fékk Hæstiréttur aukaaðild að samtökum forseta æðstu dómstóla aðildarríkja Evrópusambandsins (Network of the Presidents of the Supreme Judicial Courts of the European Union). EFTA-ríkin sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eiga rétt á slíkri aðild að samtökunum. Þetta var samþykkt á fundi samtakanna 13. til 15. október sem fór fram í Brno í Tékklandi.

Dómarar Hæstaréttar sóttu ráðstefnu EFTA-dómstólsins sem haldin var í Lúxemborg 19. og 20. maí. Hún var einnig sótt af dómurum frá Hæstarétti Noregs og æðsta dómstól

Liechtensteins. Á henni var fjallað um ýmis atriði sem snerta samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Eftir ráðstefnuna fóru dómárárar Hæstaréttar í kynnisferð til Mannréttindadómstólsins í Strassborg og funduðu 23. maí með Róberti Spanó, þáverandi forseta dómstólsins, og fjölda annarra dómara hans. Á fundinum var meðal annars rætt um framkvæmd mannréttindasáttmálans á Íslandi og nýlega dóma í íslenskum málum.

HEIMSÓKNIR

Nokkur fjöldi heimsækir á hverju ári Hæstarétt. Þar er fyrst til að taka að þinghöld réttarins eru venjulega háð í heyranda hljóði í samræmi við meginreglu réttarfars. Fólk fylgist bæði með málflutningi sem yfirleitt er alla miðvikudaga kl. 9 og dómsuppsögu sem fer alla jafna fram sama vikudag kl. 14. Auk þess hefur nokkur hópur lagt leið sína í Hæstarétt til að skoða dómhúsið og fá fræðslu um starfsemi réttarins.

Ekki hefur verið tekinn saman árlegur fjöldi gesta en þó má áætla að hann nemi nokkrum hundruðum. Þessar heimsóknir lögðust að

mestu leyti af þegar heimsfaraldurinn gekk yfir á síðustu árum en gestum hefur fjölgað ört eftir að samkomutakmörkunum var aflétt í fyrra.

Meðal þeirra sem heimsóttu Hæstarétt á árinu 2022 voru nemendur Kvennaskólans í Reykjavík, Fjölbrautaskólans við Ármúla og Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Einnig komu þetta ár eins og fyrri ár hópar íslenskra og erlendra laganema. Forseti réttarins ásamt aðstoðarmanni dómara tók á móti þeim og kennurum þeirra og kynnti fyrir þeim starfseminu ásamt því að svara spurningum.



Einnig komu í heimsókn Lionsklúbburinn Engey, Rótarýklúbburinn Reykjavík-Breiðholt, Sýslumannafélag Íslands og öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands. Forseti réttarins, varaforseti og skrifstofustjóri tóku á móti þessum gestum.

Í ágúst var haldið norræna lögfræðingabing-ið í Hörpu en það sóttu hátt í þúsund manns hvaðanæva af Norðurlöndum. Hæstiréttur bauð þeim þátttakendum á þinginu sem starfa hjá æðstu dómstólum til móttöku í Hæstarétti og komu um sjötíu gestir. Um svipað leyti var haldin norræn réttarfarsráðstefna og var þátt-

takendum hennar boðið að koma í Hæstarétt. Einnig hittust norrænir umboðsmenn þjóðþinga hér á landi í aðdraganda norræna lögfræðingabingsins og heimsóttu Hæstarétt.

Af öðrum heimsóknum á árinu má nefna að dómsmálaráðherra fékk kynningu á starfsemi réttarins og skoðaði dómhúsið 4. apríl.

Stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA heimsótti réttinn 9. júní og Páll Hreinsson forseti EFTA-dómstólsins og Ólafur Jóhannes Einarsson skrifstofustjóri dómstólsins áttu fund með starfsmönnum Hæstaréttar 1. desember.



Heimsókn Páls Hreinssonar forseta EFTA-dómstólsins og Ólafs Jóhannesar Einarssonar skrifstofustjóra dómstólsins



TÖLFRÆÐI

MÁL Í HÆSTARÉTTI

Dæmd mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022
Áfrýjuð einkamál	0	28	27	27	28
Áfrýjuð sakamál	1	2	4	11	15
Kærð einkamál	12	17	7	14	14
Kærð sakamál	5	3	0	3	3
Samtals mál	18	50	38	55	60

Innkomin mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022
Áfrýjuð einkamál	12	36	23	25	28
Áfrýjuð sakamál	5	3	8	10	14
Kærð einkamál	16	16	10	16	15
Kærð sakamál	5	3	0	5	2
Samtals mál	38	58	41	56	59

Innkomin mál og lyktir þeirra

Öll mál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	16	18	20	21
Innkomin mál á árinu	38	58	41	56	59
Mál til afgreiðslu	38	74	59	76	80
Dómar	18	50	38	55	60
Afturkallað/fellt niður	4	6	1	0	1
Samtals afgreidd mál	22	56	39	55	61
Óafgreidd mál í árslok	16	18	20	21	19



Málsmeðferðartími í dögum

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022
Áfrýjuð einkamál	0	141	205	200	189
Áfrýjuð sakamál	31	0	173	164	207
Kærð einkamál	31	49	72	31	39
Kærð sakamál	45	11	0	12	53
Meðaltal	35	98	177	137	175

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að útgefin áfrýjunarstefna berst frá ríkissaksóknara. Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.


Málsúrslit

Málsúrslit	2018	2019	2020	2021	2022
Staðfest	11	30	20	22	19
Breytt að einhverju leyti	0	0	5	7	9
Breytt að verulegu leyti	0	2	2	2	4
Snúið við	1	5	5	8	8
Ómerking/frávísun	6	13	6	14	20
Samtals dómur	18	50	38	53	60

Málskotsbeiðnir – Áfrýjunar- eða kæruleyfi

Málskotsbeiðnir alls	2018	2019	2020	2021	2022
Beiðnir frá fyrra ári	0	8	13	21	23
Nýjar beiðnir	69	166	138	156	172
Beiðnir til afgreiðslu	69	174	151	177	195
Afgreiddar beiðnir	61	161	130	154	167
Óafgreiddar beiðnir í árslok	8	13	21	23	28

Málskotsbeiðnir árið 2022 og lyktir þeirra



45
dagar

Málsmeðferðartími málskotsbeiðna var að meðaltali 45 dagar frá því að umsókn um áfrýjunarleyfi / kæruleyfi barst réttinum og þar til ákvörðun lá fyrir.

Áfrýunarleyfi -einkamál	2018	2019	2020	2021	2022
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	8	13	17
Nýjar beiðnir	33	99	85	85	125
Beiðnir til afgreiðslu	33	103	93	98	142
Samþykktar	12	36	23	25	29
Hafnað	17	59	57	55	91
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0
Samtals afgreiddar beiðnir	29	95	80	81	120
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	8	13	17	22

Áfrýunarleyfi -sakamál	2018	2019	2020	2021	2022
Beiðnir frá fyrra ári	0	0	1	3	3
Nýjar beiðnir	14	34	27	44	25
Beiðnir til afgreiðslu	14	34	28	47	28
Samþykktar	1	1	7	11	5
Hafnað	13	32	18	32	21
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0
Samtals afgreiddar beiðnir	14	33	25	44	26
Óafgreiddar beiðnir í árslok	0	1	3	3	2

Kæruleyfi	2018	2019	2020	2021	2022
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	4	5	3
Nýjar beiðnir	22	33	26	27	22
Beiðnir til afgreiðslu	22	37	30	32	25
Samþykktar	2	4	3	5	5
Hafnað	13	25	21	22	15
Afturkallaðar/Felldar niður	3	4	1	2	1
Samtals afgreiddar beiðnir	18	33	25	29	21
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	4	5	3	4


VEFUR HÆSTARÉTTAR Í TÖLUM

Á vefnum **haestirettur.is** má finna alla dóma sem kveðnir hafa verið upp í Hæstarétti frá 1. janúar 1999. Ákvarðanir um áfrýjunar- og kæruleyfi eru einnig birtar á vefnum ásamt dagskrá réttarins.


178.620
heimsóknir

Meðallengd
heimsóknar
6:42 mín

44.403
gestir




Heimsóknir á vefinn frá 1. janúar 2021 til 1. janúar 2023.




Helsta skoðun á vefnum




Umferð eftir aldri og kyni



Umferð eftir uppsprettu



Umferð eftir tækjaflokki



FYRRVERANDI DÓMARAR VIÐ HÆSTARÉTT

Nafn	Lét af störfum:	Nafn	Lét af störfum:
Ármann Snævarr	01.11.1984	Helgi I. Jónsson	30.04.2020
Árni Kolbeinsson	28.02.2014	Hjördís Hákonardóttir	31.07.2010
Árni Tryggvarson	31.05.1964	Hjörtur Torfason	28.02.2001
Arnljótur Björnsson	31.08.2000	Hrafn Bragason	31.08.2007
Benedikt Blöndal	22.04.1991	Ingibjörg Benediksdóttir	28.02.2014
Benedikt Sigurjónsson	31.12.1981	Jón Ásbjörnsson	31.03.1960
Bjarni K. Bjarnason	31.12.1991	Jónatan Hallvarðsson	31.12.1969
Björn Sveinbjörnsson	10.10.1985	Jón Steinar Gunnlaugsson	30.09.2012
Eggert Briem	13.08.1935	Kristján Jónsson	02.07.1926
Einar Arnalds	29.02.1976	Lárus H. Bjarnason	31.03.1931
Einar Arnórsson	30.04.1945	Lárus Jóhannesson	10.03.1964
Eiríkur Tómasson	31.08.2017	Logi Einarsson	31.12.1982
Garðar Gíslason	30.09.2012	Magnús Thoroddsen	08.12.1989
Gizur Bergsteinsson	01.03.1972	Magnús Þ. Torfason	31.12.1987
Greta Baldursdóttir	31.08.2020	Markús Sigurbjörnsson	30.09.2019
Guðmundur Jónsson	31.08.1991	Páll Einarsson	13.08.1935
Guðmundur Skaftason	31.12.1989	Pétur Kristján Hafstein	30.09.2004
Guðrún Erlendsdóttir	15.04.2006	Páll Hreinsson	15.09.2017
Gunnar M. Guðmundsson	31.08.1994	Sigurgeir Jónsson	30.06.1986
Gunnar Thoroddsen	16.09.1970	Viðar Már Matthíasson	30.09.2019
Gunnlaugur Claessen	31.08.2013	Þorgeir Örlygsson	31.08.2020
Halldór Daníelsson	16.09.1923	Þórður Eyjólfsson	31.12.1965
Halldór Þorbjörnsson	31.08.1987	Þór Vilhjálmsson	30.06.1995
Haraldur Henrysson	31.08.2003		



HÆSTIRÉTTUR
ÍSLANDS

2023